

Reglur um endurgreiðslu ferðakostnaðar

Sjóðurinn endurgreiðir ferðakostnað sjóðfélaga vegna ferðar til trúnaðarlækna sjóðsins vegna umsóknar um örorkulífeyri að uppfylltum þessum skilyrðum;

1. Að sjóðfélagi er búsettur utan höfuðborgarsvæðisins.
2. Að sjóðfélagi leggi fram reikning / kvittun fyrir greiddum ferðakostnaði ef ferð er með flugi, ferju, áætlunarbíl eða öðrum almenningsfarartækjum.
3. Að sjóðfélagi leggi fram undirritaða staðfestingu á komu til trúnaðarlæknis.

Sjóðurinn endurgreiðir kostnað skv. framlögðum reikningum sbr. 2 tl. hér að ofan. Ef sjóðfélagi notar eigin bifreið endurgreiðir sjóðurinn kostnað sem nemur kr. 40,16 á hvern ekinn kílómetra. Kílómetragjald breytist í hlutfalli við akstursgjald ríkisstarfsmanna samkvæmt auglýsingu ferðakostnaðarnefndar á hverjum tíma.

Sjóðurinn áskilur sér ávallt rétt til þess að krefjast frekari gagna af sjóðfélaga ef tilefni gefur til.

Reglur þessar gilda um endurgreiðslu ferðakostnaðar frá 1. október 2024.

Þannig samþykkt á stjórnarfundum 2. september 2024.